

# Blómlegt fjölskyldulíf

<b>Grein:</b> Íslenska, lífsleikni, samfélags-og náttúrufræði <b>Tímabil:</b> október 2016 <b>Kennarar:</b> Gréta Björk, Stína og Sunna		
<b>Efnispáttur úr ársáætlun</b>		
<b>Samfélagsfræði:</b> vinátta og samskipti. Ég, fjölskyldan og vinir.		
<b>Íslenska:</b> Þulur og vísur, atkvæði, stafagerð, hljóðgreining, orðaforði <b>Lífsleikni:</b> Ólíkar fjölskyldugerðir. <b>Verkgreinar:</b> Myndmennt		
Námsmarkmið	Viðfangsefni nemenda	Námsmat
<b>Markmið</b> <b>Að nemendur:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• geti fundið fjölda atkvæða.</li><li>• þjálfist í að segja frá og hlusta á aðra í umræðum.</li><li>• auki orðaforða sinn.</li><li>• kunni alla stafi og hljóð þeirra (þekki hljóð og heiti stafanna Óó, Mm, Ff, Jj, Bb, Ýý og Yy).</li><li>• dragi rétt til stafs.</li></ul> <b>Sambætting við lífsleikni</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Að nemendur beri kennsl á tilfinningar og læri orð yfir þær: togstreita, niðurdregin, heiftarlega, samrýmd, næra og utangátta. Velti fyrir sér hvort tilfinningarnar eru jákvæðar eða neikvæðar í upplifun.</li><li>• Að nemendur þjálfist í að lesa í líðan annarra.</li></ul> <b>Áhersla á orðaforða:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Niðurdregin, togstreita, heiftarlega, hamskiptum, féllust á, skilja, þræta, utangátta, innanbrjósts, paradís, Rós, Fífill, söngelskur,</li></ul>	<b>Prep 1 (Inntak texta)</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Texti lesinn</li><li>• Sagan lesin í heild sinni aftur, nemendur skoða myndir, umræður teknar og frekari skoðun þar sem nemendur tengja atburði við eigin reynslu, mikil áhersla á orðskýringar</li><li>• Þátttökulestur, hljóðgreining æfð</li><li>• Lykilorð kynnt, blómlegt, fjölskyldulíf og býflugur</li></ul> <b>Prep 2 (Tæknileg vinna)</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Klappa atkvæði (orð úr bókinni)</li><li>• Leikið með lykilorðin (Blómlegt, fjölskyldulíf og býflugur)</li><li>• Stafainnlögn</li><li>• Klippa sundur lykilorð blómlegt og býflugur og búa til ný orð</li><li>• Finna orð sem byrja á óm, mó, fj, ug og gu og skrifa á töflu (kennari/nemendur)</li><li>• Hugtakakort um Fjólu</li><li>• Söguvegur- nemendur fá blað með þremur tómunum kössum og gera upphaf, miðju og endi</li><li>• Hringekjur með sóknarskrift, stafablöðum, stafavinna í tölvum, gera stafi úr tengikubbum, skreyta U og G, fönndra býflugur. <b>Lög vikunnar:</b> Ég er gula blómið fína, Takk fyrir mömmu og takk fyrir pabba, Ein stór fjölskylda (Gunni og Felix) og tengja við söguna <b>Myndmennt:</b> Nemendur gera stóran blómagarð. Áhersla á að klippa og líma saman blóm, tré, hús og fleira</li></ul> <b>Prep 3 (Enduruppbygging)</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Fjölskyldan mín- börnin teikna upp fjölskyldur sínar</li><li>• Nemendur segja frá sinni fjölskyldu fyrir framan hópinn og við ræðum ólíkar fjölskyldusamsetningar</li></ul>	<b>Námsmat:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Símat þar sem kennarar skrá hjá sér frammistöðu nemenda jafnóðum útfrá skriflegum og verklegum verkefnum</li></ul>

## Blómlegt fjölskyldulíf

reisuleg, dekra, lystisemdir, dafnaði, samrýmd, fjarlægðust, rætur, sættast, friður.		
<b>Námsefni/Bjargir:</b>		